

frávísað var. Þá krefst sóknaraðili kærúmálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Ágreiningur málsaðilja er um það, hvort álagningarstofn 15% þjónustugjaldsins sé verð veitinga að viðbættum sölu-skatti eða án hans. Skilur aðilja því í raun rétttri á um það, hversu hátt þjónustugjald framreiðslumenn megi reikna sér samkvæmt 1. gr. kjarasamnings 22. ágúst 1972. Þykir Félagsdómur eiga úrlausn þess ágreiningsefnis, sbr. 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Ber því að fella úr gildi frávísunar-ákvæði hins kærða dóms.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

**D ó m s o r ð :**

Frávísunarákvæði hins kærða dóms er úr gildi fellt.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 13. apríl 1973.

Nr. 1/1973. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**

(Guðmundur Yngvi Sigurðsson hrl.)

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Þorsteinn Geirsson hrl.).

**D ó m a r a r :**

Guðmundur Jónsson borgardómari, Ragnar Jónsson hrl., Þórður Björnsson yfirsakadómari, Bjarni Sigurðsson prestur og Egill Sigurgeirsson hrl.

Deilt um gildi uppsagnar sammings samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/1962.

**D ó m u r .**

Mál þetta hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja höfðað fyrir hönd Sambands íslenzkra barnakennara skv. heimild í 25. gr. laga nr. 55/1962 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

með stefnu útgefinni hinn 19. janúar sl. Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að dæmt verði, að samningur milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra barnakennara frá 1. febrúar 1965 um greiðslu fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna í barnaskólum sé í gildi.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að kröfum stefnanda verði hrundið.
2. Að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. febrúar 1965 gerðu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Samband íslenskra barnakennara með sér samning um greiðslu fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna í barnaskólum. Er samningur þessi svohljóðandi:

„Greiða skal kennurum í barnaskólum sérstaka þóknun fyrir heimavinnu vegna kennslu í móðurmáli og reikningi fyrir þann nemendafjölda, sem kennari kennir umfram 20 aðra hvora námsgreinina, en umfram 10, ef hann kennir þær báðar.

Hliðstæð og hlutfallsleg regla gildir fyrir kennara, sem kenna erlend mál.

Þóknun á viku samkvæmt framansögðu verði sem hér segir:

- a. Vegna móðurmálskennslu kr. 2.94 fyrir hvern nemanda.
- b. Vegna reikningskennslu kr. 1.50 fyrir hvern nemanda.
- c. Vegna kennslu í erlendum málum kr. 2.03 fyrir hvern nemanda.

Gengið er út frá því, að skriflegar æfingar séu a. m. k. vikulega í þeim námsgreinum, sem hér um ræðir, en aunars lækkar greiðsla hlutfallslega eða fellur niður. Skulu skólastjórar hafa umsjón með því að heimavinna sé unnin.

Ákvæði samnings þessa skulu gilda frá 1. september 1963 til ársloka 1965.

Verði breyting á föstum launum barnakennara á samningstímabilinu má krefjast endurskoðunar á upphæð þóknunar

samkvæmt samningnum. Gildir þetta einnig um þá 6.6% launahækkun, sem samið var um 28. jan. sl.

Aðiljar geta hvor um sig sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Við gildistöku samnings þessa falla úr gildi ákvæði reglugerðar nr. 146, 16. okt. 1961 með síðari breytingum“.

Stefndi hafði gert samninga um sama efni við Landssamband framhaldsskólakennara hinn 15. maí 1964 og Félag menntaskólakennara hinn 22. júlí 1964. Þrátt fyrir það þótt gildistími samningsins við stefnanda væri ákveðinn til ársloka 1965, var ákvæðum samningsins beitt í samskiptum aðiljanna eftir það. Að undangengnum samningaviðræðum undirrituðu Kjararáð Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hinn 19. desember 1970 samning um föst laun opinberra starfsmanna, vinnutíma, yfirvinnukaup, röðun í launaflokka o. fl. skv. lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962. Hinn 28. maí 1971 ritaði stefndi stefnanda svohljóðandi bréf:

„Ráðuneytið segir hér með upp samningi um greiðslu fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna í barnaskólum, dags. 1. febrúar 1965. Samkvæmt ákvæðum nefnds samnings telst hann því úr gildi fallin að þremur mánuðum liðnum frá uppsögn þessari“.

Landssamband framhaldsskólakennara og Félag menntaskólakennara munu einnig hafa fengið sams konar bréf frá varnaraðila varðandi áðurgreinda samninga þessara aðilja. Með bréfi, dags. hinn 5. ágúst 1971, fór Samband íslenzkra barnakennara þess á leit við stefnda, að viðræður yrðu teknar upp milli aðiljanna um nýjan samning, og var um það efni vísað til laga nr. 55/1962, II. kafla, 6. gr. Málaleitan þessari var svarað með bréfi, dags. hinn 9. ágúst s. á., svohljóðandi:

„Í tengslum við kjarasamning ríkissjóðs og B.S.R.B. var gerð svofelld bókun:

„Aðiljar eru um það sammála, að við mat á störfum kennara hafi tillit verið tekið til þeirrar vinnu, sem kennari leysir af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda og teljist slík vinna unnin á þeim tíma, sem kennara er ætlaður til undirbúnings kennslu“.

Með hliðsjón af bókun þessari hefur ráðuneytið sagt öllum samningum upp, er lúta að greiðslum fyrir úrlausnir á verkefnum nemenda.

Ráðuneytið er að sjálfsögðu reiðubúið til að hlýða á greinargerð Sambands íslenzkra barnakennara um rök fyrir gerð samnings skv. heimild í ákv. 6. gr. laga nr. 55/1962, svo framarlega sem þeim rökum telst ekki fullsvarað með ofangreindri bókun“.

Með bréfi, dags. hinn 13. ágúst s. á., sneri Samband íslenzkra barnakennara og Landssamband framhaldsskólakennara sér til samninganefndar ríkisins og óskuðu eftir, að viðræður gætu hafizt sem fyrst milli aðilja um uppsagnir á samningum um greiðslur fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna. Samband íslenzkra barnakennara sneri sér einnig til sáttasemjara ríkisins með bréfi, dags. hinn 13. ágúst, þar sem vakin er athygli á því, að samningi aðiljanna um þetta efni hefði verið sagt upp. Viðræður fóru fram milli Sambands íslenzkra barnakennara, Landssambands framhaldsskólakennara og samninganefndar ríkisstjórnarinnar, en ekki leystist ágreiningsefni aðiljanna. Í bréfi, sem Samband íslenzkra barnakennara og Landssamband framhaldsskólakennara ritaði Kjararáði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hinn 21. september 1971, var gerð grein fyrir þeirri afstöðu samninganefndar ríkisins, að samningum um vinnutíma kennara væri lokið og um hann hefði verið samið við Kjararáð Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, því kæmu sérsamningar við kennarasamtökin ekki til greina og að samninganefnd ríkisins vísaði um þetta efni til bókunar, sem gerð hafi verið í tengslum við gerð kjarasamnings opinberra starfsmanna frá 19. desember 1970. Var óskað eftir áliti Kjararáðs á því, hvort og á hvern hátt hafi verið fjallað um sérsamning kennarasamtakanna um greiðslur fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna, og að hve miklu leyti tekið hafi verið tillit til þessarar vinnu, þegar samið var um vinnutíma kennara. Svarbréf Kjararáðs, dags. 28. september 1971, er svohljóðandi:

„Sem svar við bréfi sambandanna, dags. 21. þ. m., tekur Kjararáð fram, að um sérsamninga kennarasamtakanna um

greiðslur fyrir heimavinnu var aldrei sérstaklega fjallað í samningaviðræðum og þeir samningar lágu heldur aldrei fyrir Kjararáði.

Kjararáð telur það ekki á sínu valdi að fella niður gildandi sérsamninga, og telur því að ekki hafi verið samið um niðurfellingu þessa samnings, sem um er rætt.

Í bókun þeirri, sem til er vitnað, kemur fram sú almenna stefna í samningunum, að um leið og föst laun eru hækkuð verulega, falli niður aukagreiðslur eftir því sem unnt er.

Um vinnutíma kennara liggur eingöngu fyrir sundurliðun sú, sem er á fskj. 1, en sá þáttur, sem snertir undirbúning fyrir kennslu, var aldrei sundurliðaður og því aldrei sérstaklega um það samið, hve mikill hluti þess tíma væri fyrir úrvinnslu verkefna“.

Með bréfi, dags. hinn 28. september 1971, sneru Samband íslenzkra barnakennara og Landssamband framhaldsskólakennara sér til fjármálaráðherra með tilmælum um að samningurinn frá 1. febrúar 1965 yrði látinn gilda óbreyttur það skólaár, að því viðbættu, að kennurum 6 ára barna yrði greitt eftir sömu reglum og kennurum annarra deilda barnaskóla, og einnig yrði greitt fyrir eðlisfræði í barnaskólum. Kemur og fram í bréfinu, að ef fallizt yrði á málaleitan þessa, væri eðlilegt, að samningaviðræður um nýjan samning gætu hafizt sem fyrst, svo að niðurstaða fengist fyrir upphaf næsta skólaárs. Með bréfi, dags. hinn 30. nóvember 1971, tilkynnti fjármálaráðuneytið Sambandi íslenzkra barnakennara, að það hefði ákveðið, að greiðslum fyrir heimavinnu kennara yrði haldið áfram út skólaár það, sem þá stóð yfir, en á greiðslum yrðu gerðar breytingar um næstu áramót. Er einnig skýrt frá því í bréfi þessu, að unnið sé að því af hálfu ráðuneytisins að móta greiðslureglur, er verði kynntar sambandinu áður en frá þeim verði gengið af hálfu ráðuneytisins. Með bréfi, dags. hinn 13. desember 1971, var því fagnað af stefnanda, að fallizt hefði verið á áframhaldandi greiðslur og lýst yfir, að samtökin væru reiðubúin til viðræðna um greiðslureglur.

Það kemur fram, að stefndi innti af höndum greiðslur fyrir heimavinnu kennara skólaárið 1971, en um áramótin 1971—

72 varð sú breyting á greiðslum þessum, að greiðslur byggðust á 60% grunnfjárhæða þeirra, sem ákveðnar eru í samningi aðiljanna frá 1. febrúar 1965. Í tilefni af ágreiningi, sem reis út af greiðslum til kennara við menntaskóla fyrir vinnu við leiðréttingar skriflegra verkefna, ritaði fjármálaráðuneytið Kjararáði bréf hinn 8. september 1972 og óskaði eftir, að ráðið tjáði sig um það efni. Í svarbréfi Kjararáðs segir svo:

„Kjararáð leggur þann skilning í umrædda bókun, að almennt séð hafi við mat á störfum kennara verið tekið tillit til þeirrar vinnu, sem kennari leysir af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda. Störf við úrvinnslu heimaverkefna eru hins vegar mjög mismunandi eftir námsgreinum. Með hliðsjón af því telur Kjararáð grundvöll fyrir því, að samið sé um sérstakar greiðslur fyrir úrvinnslu heimaverkefna í þeim námsgreinum, þar sem þessi vinna er meiri en almennt gerist, enda voru slíkir samningar milli ríkisins og samtaka kennara í gildi, þegar síðustu heildarsamningar voru undirritaðir 19/12 1970 og giltu áfram, unz þeim var sagt upp með fyrirvara. Vakin er athygli á því, að í umræddri bókun er heldur ekki tekið fram, að fullt tillit hafi verið tekið til vinnu við úrvinnslu verkefna nemenda.

Kjararáð vill benda á, að um meðferð sérsamninga um greiðslur fyrir heimavinnu verkefna fer eftir ákvæðum 6. gr. kjarasamningalaganna frá 1962. Samkvæmt því á Kjara-dómur að úrskurða um ágreiningsatriði, ef ekki næst samkomulag um nýjan samning milli ríkisins og hlutaðeigandi aðildarfélags B.S.R.B.“

Stefndi höfðaði mál fyrir Kjaranefnd á hendur Kjararáði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og gerði þá kröfu, að vinna, sem kennarar leysa af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda, teljist hluti af því starfi, sem þeir taka föst mánaðarlaun fyrir að gegna og beri kennurum því ekki sérstök greiðsla fyrir úrvinnslu verkefna nemenda. Úrslit málsins fyrir Kjaranefnd urðu þau, að með úrskurði hinn 24. október f. á. vísaði nefndin málinu frá sér.

Bókun sú, sem gerð var af samninganefnd stefnda og Kjararáði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hinn 23. október 1970, er í heild svohljóðandi:

„Um útreikning á vinnutíma kennara:

Vikulegur vinnutími barnakennara sé 40 klst. að jafnaði á viku, eða 1831.40 klst. á ári. Má finna hana á eftirfarandi hátt:

Til kennslu . . . . .	24 klst. 00 mín.
Í vinnuhlé (frímínútur) . . . .	6 klst. 00 mín.
Kaffihlé . . . . .	3 klst. 15 mín.
Til undirbúnings kennslu ..	13 klst. 55 mín.
Til ráðstöfunar skólastj. . . .	2 klst. 00 mín.

---

49 klst. 10 mín.

Auk starfa í 34 kennsluvikur skulu kennarar verja 160 klst. yfir sumartímamann til undirbúnings starfi á komandi kennsluvetri.

Kennarar skipuleggja sjálfir störf sín í þessar 160 klst., og sé þessi tími eingöngu til ráðstöfunar kennaranum sjálfum.

Kennarar fá ekki greiðslur umfram föst laun vegna tilfærslu vinnu við undirbúning kennslu milli vikna.

Úrvinnsla verkefna nemenda telst unnin í hluta þess tíma, sem verja á til undirbúnings kennslu. Athuga þarf, hvort réttlátt teljist að framkvæma þessa reglu gagnvart íslenzkukennslu.

Annist kennari vörzlu í stundahléum reiknast sá tími, sem til vörzlu er varið, sem hluti þeirra stunda, sem eru til ráðstöfunar skólastjóra.

Eyða í stundaskrá greiðist með kr. 45.00.

Tími sá, sem ætlaður er til ráðstöfunar skólastjóra, er ekki tilflytjanlegur milli vikna. Tímanum sé jafnframt ráðstafað innan dagvinnutímabilsins og eigi til annarra verka en þeirra, sem telja megi eðlilegan hluta skólastarfs“.

Fylgiskjal nr. 1 með kjarasamningi þeim, sem gerður var hinn 19. desember 1970, er samkomulag um skiptingu á vinnutíma kennara og um kennsluskyldu skólastjóra. Er skipting vinnutíma þar sú sama og í greindri bókun frá 23. október 1970, en ekki er þar getið tíma, sem fer til úrvinnslu skriflegra verkefna nemenda.

Krafa stefnanda er byggð á því, að hinum ýmsu kennslu-

greinum fylgi mismunandi mikil heimavinna við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda. Kennararnir hafi hins vegar sömu föstu launin. Langt sé um liðið síðan hið opinbera hafi viðurkennt nauðsyn þess, að kennarar, sem mikla heimavinnu hafa í þágu skólans, skyldu fá sérstaka umbun fyrir heimavinnu. Komi þetta fram í reglugerð nr. 3/1937 fyrir Menntaskólann í Reykjavík og síðar í reglugerð fyrir menntaskóla nr. 175/1951. Með reglugerð nr. 146/1961 hafi kennurum í móðurmáli og reikningi í barnaskólum verið veittar sérstakar greiðslur fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda. Sama sjónarmið komi fram í erindisbréfi fyrir skólanefnd í barna- og gagnfræðaskólum nr. 118/1962 og erindisbréfi nr. 120/1962. Eftir gildistöku laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962 hafi verið gerðir sérstakir samningar um greiðslur fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda, svo sem fram sé komið í máli þessu, og hafi samningar þessir verið gerðir á grundvelli 6. gr. greindra laga. Er því haldið fram, að þótt fyrrgreindur samningur aðiljanna hafi aðeins átt að gilda til ársloka 1965 hafi verið farið eftir ákvæðum hans eftir það, og samningurinn því í gildi að áliti beggja aðilja, svo sem ráða megi af uppsagnarfresti stefnda. Þá er því haldið fram, að þar sem samningurinn hafi verið gerður á grundvelli 6. gr. laga nr. 55/1962, gildi ákvæði þeirra laga um samninginn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna. Þetta þýði, að ákvæðin um uppsögn, meðferð sáttasemjara og Kjaradóm gildi um þennan samning. Er því haldið fram, að þrátt fyrir það þótt stefndi hafi ekki lengur viljað greiða fyrir leiðréttingu skriflegra úrlausna nemenda og hafi ekki haft neinar tillögur fram að færa, þá hafi engu að síður borið að senda sáttasemjara uppsagnarbréfin og hafi sáttasemjara borið að taka deiluna til meðferðar, sbr. III. kafla laganna. Ef sættir hafi ekki komizt á, hafi málið átt að fara fyrir Kjaradóm. Þrátt fyrir það þótt Samband íslenzkra barnakennara hafi brugðizt réttilega við uppsögninni með því að senda sáttasemjara ríkisins málið til meðferðar, hafi aldrei komið til þess, að hann léti það til sin taka. Því hafi málið aldrei fengið þá löglegu meðferð, sem kjarasamningalögin ætlist til. Er því haldið fram, að þessi

skortur á að gætt væri ákvæða kjarasamningalaga um sátta-meðferð og kjaradóm þýði, að uppsögn samningsins hafi verið markleysa. Auk þess er því haldið fram, að farið hafi verið eftir ákvæðum samningsins eftir að hann átti að falla úr gildi í lok ágústmánaðar 1971 og hafi kennarar fengið hluta af greiðslu fyrir leiðréttingar verkefna nemenda samkvæmt samningnum allt til vorsins 1972. Þetta leiði einnig til þess, að uppsögnin hafi verið marklaus og efni samnings aðiljanna frá 1965 sé því enn í gildi. Að því er varðar bókunina frá 1. júlí 1971, er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hana megi skilja svo, að nokkurt tillit hafi verið tekið til heimavinnu kennara við leiðréttingar skriflegra verkefna nemenda, þegar kennurum voru ákveðin föst laun, en ekki hafi verið tekið fullt tillit til þeirra. Þetta sé atriði, sem til álita geti komið við gerð nýs samnings milli aðilja á grundvelli 6. gr. laga nr. 55/1962, en haggi því ekki, að samningur aðiljanna frá 1965 sé enn í gildi.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að við gerð kjarasamnings opinberra starfsmanna, sem undirritaður var hinn 19. desember 1970, hafi aðiljar verið sammála um að skilgreina vinnutíma kennara og hafi bókun, sem gerð var hinn 23. október 1970 glöggð borið með sér hvert hugur samningsaðilja stefndi. Bókun þessi er svohljóðandi: „Aðilar eru um það sammála, að við mat á störfum kennara hafi tillit verið tekið til þeirrar vinnu, sem kennari leysir af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda og teljist slík vinna unnin á þeim tíma, sem kennara er ætlaður til undirbúnings kennslu“. Athugun á því, hvort fyrirvaranum, sem fram kemur í bókun þessari, skyldi beitt gagnvart íslenzkukennslu, hafi verið framkvæmd og við lokagerð kjarasamningsins hinn 19. desember 1970 hafi fyrirvarinn um íslenzkukennsluna verið felldur niður og hafi þá legið fyrir bókun, sem endanlega hafi þó ekki verið gengið frá fyrr en 1. júlí 1971. Við endanlegan frágang þessarar bókunar hafi enginn fyrirvari verið gerður af hálfu Kjararáðs Bandalags starfsmanna ríkis og bæja til takmörkunar á gildi hennar eða um sérstaka túlkun, er ekki leiddi beint af orðalagi bókunarinnar. Þá er á það bent af hálfu stefnda, að í 3. gr. fylgiskjals nr. 1 með kjarasamningi opin-

berra starfsmanna sé vinnutími kennara með fulla kennsluskyldu í barnaskólum ákveðinn og á móti 24 klukkustundum í kennslu komi 13 klukkustundir og 55 mínútur til undirbúnings kennslu. Er því haldið fram, að ekki fari á milli mála, að kennarar hafi með kjarasamningi þessum fengið verulegan tíma til ráðstöfunar til undirbúnings kennslu, þar á meðal úrvinnslu skriflegra verkefna nemenda. Er því haldið fram, að samningur aðiljanna frá 1. febrúar 1965 hafi fallið úr gildi af sjálfu sér við gerð heildarkjarasamnings opinberra starfsmanna frá 19. desember 1970. Uppsögn stefnda á samningnum frá 1. febrúar 1965 hafi einungis verið gerð til öryggis og beri að skoða þá uppsögn nánast sem tilkynningu á því, að samningurinn væri úr gildi fallinn. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að það hafi algerlega skort lagalegan grundvöll, að sóknaraðili færi að senda sáttasemjara ríkisins afrit af uppsögn samningsaðiljanna frá 1. febrúar 1965, enda hafi með öllu verið óheimilt að gera nýjan samning um þessi atriði, sbr. 6. gr. laga nr. 55/1962. Er því haldið fram, að ágreiningsefni það, sem fram kemur í bréfi stefnanda frá 13. ágúst 1971 hafi raunverulega fjallað um það, hvort stílaleiðréttingar skyldu falla undir aðalstarf eða ekki og því sé ljóst, að málið hafi ekki heyrt undir sáttasemjara, heldur undir dómstóla. Varðandi greiðslur þær, sem inntar hafa verið af hendi af hálfu stefnda eftir lok ágústmánaðar 1971, er því haldið fram, að þær séu algerlega unfram lögskyldu og í greiðaskyni, enda séu þær til muna lægri en samningur aðiljanna sagði til um.

Svo sem áður hefur verið rakið, gerði stefndi á árinu 1964 samninga við Landssamband framhaldsskólakennara og Félag menntaskólakennara um greiðslur fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda. Er í báðum samningum þessum tekið fram, að þeir séu gerðir á grundvelli 6. gr. laga nr. 55/1962. Í samningi þeim, sem stefndi gerði við Samband íslenzkra barnakennara hinn 1. febrúar 1965, er að vísu ekki vísað til 6. gr. laga nr. 55/1962, en þar sem sá samningur fjallar algerlega um sams konar efni og hinir fyrrgreindu samningar, verður að telja, að gerð hans hafi einnig

byggzt á ákvæðum 6. gr. laga nr. 55/1962. Verður samkvæmt því að líta svo á, að það hafi verið skilningur aðilja á þeim tíma, að greiðslur fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna nemenda féllu utan atriða þeirra, sem samið skyldi um í almennum kjarasamningi skv. 5. gr. laga nr. 55/1962, og að hlutaðeigandi kennarasamtök væru þar réttur samingaaðili. Gildi samnings aðilja máls þessa var að visu bundið tímamörkum, svo sem áður er rakið, en ágreiningslaust er, að í samskiptum aðiljanna hafi verið farið eftir ákvæðum samningsins eftir 31. desember 1965. Verður því, sbr. ákvæði 9. gr. laga nr. 55/1962 að telja, að ákvæði samningsins hafi haldið gildi sínu eftir þann tíma. Eigi var um það samið í sambandi við gerð hins almenna kjarasamnings hinn 19. desember 1970, að samningur aðiljanna frá 1. febrúar 1965 skyldi falla niður, enda verður ekki séð, að áðurgreind bókun frá 1. júlí 1971 hafi verið borin undir Samband íslenzkra barnakennara, né því verið um hana kunnugt. Það þykir eigi í ljós leitt, að slíkt tillit hafi verið tekið til efnis þess, sem fjallað er um í samningi aðiljanna frá 1. febrúar 1965, að efni þess samnings hafi ekki lengur gildi. Verður því að líta svo á, að samningurinn hafi haldið gildi sínu eftir 19. desember 1970. Ekki var það fyrr en með bréfi, dags. hinn 28. maí 1971, sem stefndi sagði samningnum upp. Ekki var í framhaldi af því farið eftir ákvæðum 10., 11. og 14. gr. laga nr. 55/1962. Samkvæmt því og með tilliti til þess, hvernig samskiptum aðilja er háttað skv. lögum nr. 55/1962, verður því að telja, að ekki sé fyrir hendi fullgild uppsögn á samningi aðiljanna frá 1. febrúar 1965 og að samningurinn sé enn í gildi. Í samræmi við það verður krafa stefnanda tekin til greina, en eftir öllum málsatvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Samningur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Sambands íslenzkra barnakennara frá 1. febrúar 1965 um greiðslu fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna í barnaskólum er í gildi.

## Sératkvæði

Egils Sigurgeirssonar.

Svo sem áður hefur verið rakið, er það viðurkennt af Kjararáði B.S.R.B., að „almennt séð hafi við mat á störfum kennara verið tekið tillit til þeirrar vinnu, sem kennari leysir af hendi við úrvinnslu verkefna nemenda“. Kjararáð er lög-ákveðinn samningsaðili fyrir Samband ísl. barnakennara og hafði því umboð til þess að semja að þessu leyti fyrir barnakennara. Efnislega styðst þessi gerningur Kjararáðs við bókun þá, sem gerð er 23. október 1970, fráganginn á gerð sjálfs heildarsamningsins 19. des. 1970, þar sem felldur var niður fyrirvari um sérstöðu íslenzkukennslu í skólum, svo og við bókunina frá 1. júlí 1971. Til stuðnings þessu eru einnig ákvæði 3. gr. fylgiskjals nr. 1 með kjarasamningi opinberra starfsmanna frá 19. des. 1970.

Með hliðsjón af ofansögðu er á það að líta, hvort ganga megi út frá því, að samningur aðiljanna frá 1. febrúar 1965 hafi verið felldur úr gildi með heildarkjarasamningi aðiljanna frá 19. des. 1970, eða hann fallið úr gildi af sjálfu sér við heildarkjarasamninginn, eins og stefndi vill halda fram.

Í því efni verður að líta til þess, að það hefði verið í löfa lagið fyrir stefnda að láta það koma beint fram við gerð og undirskrift heildarkjarasamningsins 19. des. 1970, að með þeim samningi væri samningurinn frá 1. febrúar 1965 úr gildi felldur.

Stefndi lét undir höfuð leggjast að láta slíkt koma ótvírætt fram 19. des. 1970 og í stað þess að byggja á því að svo hafi verið umsamið þá, sendir hann Sambandi ísl. barnakennara bréf, dags. 28. maí 1971, þar sem hann segir upp samningnum frá 1. febrúar 1965 með þriggja mánaða fyrirvara, og tekur um leið fram í uppsagnarbréfinu, að samkvæmt ákvæðum nefnds samnings teljist hann „úr gildi fallinn að þremur mánuðum liðnum frá uppsögn þessari“.

Þegar virt er sú viðurkenning stefnda á gildi samningsins frá 1. febrúar 1965, sem kemur fram í þessu uppsagnarbréfi og með hliðsjón af því sem rakið hefur verið hér að framan, þykir varhugavert að telja samninginn frá 1. febrúar 1965

hafa fallið úr gildi með heildarkjarasamningnum 19. des. 1970.

Það er ágreiningslaust í málinu, að stefnandi fékk í hendur uppsögnina frá 28. maí 1971. Hinn 5. ágúst 1971 skrifaði Samband ísl. barnakennara stefnda bréf, þar sem sambandið viðurkennir móttöku uppsagnarbréfsins, og segir svo í 2. mgr. bréfsins: „Samband íslenzkra barnakennara fer þess hér með á leit við hæstvirtan fjármálaráðherra, að viðræður verði teknar upp um nýjan samning milli þessara aðila, sbr. lög nr. 55/1962, II. kafla, 6. gr.“.

Bréfi þessu svaraði stefndi síðan með bréfi, dags. 9. ágúst s. á., þar sem hann vísar til bókunarinnar 1. júlí 1971, en kveðst reiðubúinn að hlýða á greinargerð Sambands ísl. barnakennara um rök fyrir gerð samninga skv. heimild í ákvæðum 6. gr. laga nr. 55/1962, svo framarlega sem stefndi hefði ekki þá þegar fullsvarað þeim rökum.

Með bréfi, dags. 13. ágúst s. á., sneri svo Samband ísl. barnakennara sér til samninganefndar ríkisins með beiðni um að viðræður gætu hafizt sem fyrst um nýja samninga á grundvelli 6. gr. laga nr. 55/1962, og segir svo í niðurlagi þess bréfs: „Það er álit stjórnna kennarasamtakanna, enda þótt hér sé talað um „tillit“, að mikið skorti á, að fullt tillit hafi verið tekið til þessarar vinnu í heildarsamningunum, og af þessum sökum sé ekki sanngjarnt að fella niður greiðslur fyrir þessa vinnu“.

Sama dag skrifaði svo Landssamband framhaldsskólakennara og Samband ísl. barnakennara bréf til sáttasemjara ríkisins, þar sem þau vöktu athygli hans á því, að þessi samtök hefðu sent samninganefnd ríkisins bréf, þar sem farið væri fram á að viðræður hæfust milli aðilja vegna uppsagnar fjármálaráðherra á samningum um greiðslu fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra verkefna í barna- og gagnfræðastigsskólum.

Hinn 21. sept. 1971 skrifa svo Landssamband framhaldsskólakennara og Samband ísl. barnakennara Kjararáði B.S.R.B. bréf, þar sem samtök þessi skýra frá því, að þau hafi þá að undanförunu átt viðræður við samninganefnd ríkisins um greiðslur fyrir heimavinnu við leiðréttingu skriflegra

verkefna í barna- og gagnfræðaskólum, vegna uppsagnar fjármálaráðherra á samningum um það efni þá um sumarið, og falli samningurinn úr gildi við upphaf þess skólaárs, sem þá var að byrja.

Jafnframt var í bréfi þessu óskað skýringa á bókuninni frá 1. júlí 1971.

Bréfi þessu svaraði Kjararáð með bréfi, dags. 28/9 1971, og skýrir þar sín sjónarmið varðandi umrædda bókun.

Hinn 29. sept. 1971 skrifa svo Landssamband framhaldsskólakennara og Samband ísl. barnakennara fjármálaráðherra bréf, þar sem segir m. a.: „Við undirritaðir förum þess eindregið á leit við yður, hæstvirtur ráðherra, að þér beitið yður fyrir því, að samningur sá, sem sagt hefur verið upp, gildi óbreyttur þetta skólaár að því viðbættu, að kennurum 6 ára barna verði greitt eftir sömu reglum og kennurum annarra deilda barnaskóla er greitt, ennfremur verði greitt fyrir eðlisfræði í barnaskólum“.

Þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið, ótvíræð viðurkenning Sambands ísl. barnakennara í orði og í verki á gildi uppsagnarinnar frá 28. maí 1971 og fortakslaus heimild í 6. gr. laga nr. 55/1962 um uppsagnarrétt aðilja með þriggja mánaða uppsagnarfresti á samningum gerðum samkvæmt þeirri grein, verður að telja, að gild uppsögn sé fyrir hendi á samningi aðiljanna frá 1. febrúar 1965. Að áliti dómsins getur það ekki hagggað gildi uppsagnarinnar, þótt meðferð málfefnis þess, sem um ræðir, sé enn hjá sáttasemjara ríkisins, en því ekki verið fram haldið til Kjaradóms samkv. 14. gr. laga nr. 55/1962. Í samræmi við þetta verður krafa stefnda tekin til greina.

Rétt þykir með hliðsjón af málsatvikum, að málskostnaður falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu.

Málskostnaður falli niður.